



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 8. júlí 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Katrín Baldursdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson og Sigrún E. Unnsteinsdóttir. Laufey Ólafsdóttir var með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin kom seint inn og er því ekki enn samþykkt.

2. Staða á innviðum flokksins: Málefnastrjórn, kjörnefnd

Fram kom að málefnastrjórn er að fara yfir starf sitt og skipuleggja það betur, finna út hverju þau vilja ná fram fyrir næsta félagafund og hvernig það verði gert.

Í kjörnefnd þarf að fjölga virkum meðlimum og ætla Viggó og Sanna að sjá til þess að það gerist. Vinna er þegar hafin við það og munu virkir félagar m.a. hringja í nefndarmenn til að kanna hug þeirra til starfsins.

3. Fjármál

Staða á reikningum. Flokkurinn: 314.711 kr., Maístrjarnan: 2.333.615 kr.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.